

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2001

Nr. 235

522

12. mars 2001

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hálshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hálshrepps er heimilt, samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald). Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum

2. gr.

Sorphirðugjald skal vera

Fyrir hvert íbúðarhús

kr. 3.000

Fyrir hvert sumarhús

kr. 2.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hálshrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, með heimild í samþykktum um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 12. mars 2001.

Jón Þ. Óskarsson oddviti.

Nr. 236

8. mars 2001

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 609/1999 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.

Við 9. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

4. Kranar sem reglur þessar gilda um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsettt þá.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru hér með staðfestar og öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2001.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.